



Fundargerð 6. fundar í Próunarfélagi Keflavíkurflugvallar 20. desember 2006 kl. 09:00
að Tjarnargötu 12, Reykjanesbæ.

Mættir voru:

Magnús Gunnarsson, stjórnarformaður
Árni Sigfússon, varastjórnarformaður
Helga Sigrún Harðardóttir, varastjórn
Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri sem jafnframt ritaði fundargerð

Dagskrá Fundarins

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar

Stjórnarformaður lagði fyrir fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt af viðstöddum stjórnarmönnum.

2. Undirritaður þjónustusamningur við íslenska ríkið – Kynntur

Farið var yfir atriði í þjónustusamningi sem undirritaður var við ríkið. Stjórnin telur að öll meginmarkmið hafi náðst fram í samningnum.

3. Verkefnaáætlun – Drög

Farið var yfir frumdrög verkefnaáætlunar. Verkefni félagsins munu í framhaldi fara í fullan gang.

4. Önnur mál

Ræddur var möguleiki á sameiginlegu landupplýsingakerfi á Reykjaneskaganum. Stjórnin telur að nú sé áhugverður tímapunktur til að skoða slíkt.

Umræður fóru fram um ráðstöfun olíutanka í Helguvík.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.